

## Fundargerð ársfundar Rannsóknastofu í táknafræðum 28. september 2022 kl. 13:00

Ársfundurinn var haldinn í húsnæði Samskiptamiðstöðvar heyrnarlausra og heyrnarskertra (SHH) og á Teams, fundarstjóri var Júlía G. Hreinsdóttir, alls mættu 9 aðilar á fundinn.

Táknmálstúlkar á fundinum voru Auður Sigurðardóttir og Árný Guðmundsdóttir.

Fundarstjóri bauð gesti velkomna, fór yfir hlutverk rannsóknastofunnar og tilgreindi ástæður þess að fundurinn væri haldinn að hausti en ekki vori eins og venja er.

- Skýrsla stjórnar:** Rannveig kynnti skýrslu stjórnar og fór yfir helstu verkefni rannsóknastofunnar á árinu 2022. Í skýrsluna vantar upplýsingar frá SHH sem skýrist af fjarveru fagstjóra rannsókna. Það verður bætt upp í næstu skýrslu. Sínd var tafla yfir handform sem var afrakstur verkefnis sem Thomas Hammel vann árið 2021. Nokkur umræða um hana og óskað eftir því að taflan verði aðgengileg þeim sem rannsaka og kenna ÍTM enda um mikilvæga heimild að ræða. Engar spurningar eða athugasemdir voru við skýrsluna sjálfa.
- Kynning á (nýjum) verkefnum rannsóknastofunnar:** Rannveig sagði frá rannsóknarvinnu er tengist hefti Ritsins um ÍTM sem kemur út síðar á árinu. Einnig frá samvinnu hennar og Valgerðar Stefánsdóttur við fræðimenn á sviði annarra minnihlutamála og mannfræðilegra málvísinda. RS og VS vinna að ráðstefnuerindum og greinaskrifum um málstefnur og hugmyndafræði tungumála. Kristín Lena sagði að vegna fjarveru fagstjóra rannsókna á SHH lægju allar rannsóknir niðri. Minnt var á að tveir starfsmenn SHH hefðu lokið meistararitgerðum á árinu, þær Júlía G. Hreinsdóttir og Hólmfríður Þóroddsdóttir. Einnig var rætt um vinnu Elsu G. Björnsdóttur með VV-sögur og tengingu við málfræði (þó fyrst og fremst kennslu).
- Stjórnarkjör:** Júlía G. Hreinsdóttir, Nedelina Ivanova og Rannveig Sverrisdóttir mynduðu stjórn stofunnar síðasta ár. Þær eru allar tilbúnar að sitja áfram en þó er sá fyrirvari á að Nedelina verður enn um sinn fjarverandi. Jóna Kristín Erlendsdóttir sem er aðstoðarmaður í rannsóknum á SHH er tilbúin að taka sæti Nedelinu á meðan hún er fjarverandi. Samþykkt einróma.
- Gagnasafn um lokaritgerðir:** Stjórn stofunnar ákvað á fundi síðastliðið haust að fá Elísu G. Brynjólfssdóttur til að safna saman upplýsingum um lokaritgerðir sem skrifaðar hafa verið um ÍTM, samfélag þess og menningu. Ætlunin er að birta þetta yfirlit og tengla á þær ritgerðir sem aðgengilegar eru á Skemmunni á heimasíðu rannsóknarstofunnar. Elísa sagði frá söfnun sinni og flokkun og kallaði eftir umræðu og tillögun um flokkunina svo síðan yrði sem gagnlegust fyrir þá sem væru að leita að heimildum um ákveðið efni. Nokkur umræða var um málið og tillögur ræddar sem Elísa mun vinna með áfram.

## 5. Önnur mál:

- a. Kristín Lena gerði að tillögu sinni að rannsóknarstofan leitaði styrkja til að þýða fræðigreinar sem birtast munu í Ritinu 3/2022 yfir á ÍTM og var tillögunni vel tekið. Stjórnin mun ræða þetta þegar tímaritið er komið út.
- b. Kristín Lena lagði til að reglur stofunnar yrðu teknar til endurskoðunar og kannað hvort eitthvað í þeim megi uppfæra. Rannveig nefndi í því samhengi breytingar sem hafa verið gerðar á reglum um rannsóknastofur innan HÍ og að mikilvægt væri að skoða í þessu samhengi hverjir ættu aðild, hefðu atkvæðisrétt og fleira í þeim dúr. Stjórn fundi um þetta og fái leiðbeiningar hjá verkefnisstjóra Hugvísindastofnunar.
- c. Júlía spurði um varðveislu heimilda sem eru á myndbandsformi. Margar þeirra eru orðnar gamlar en mikilvægt er að gæta að þær séu settar á stafrænt form og passað upp á gæðin. Fríða sem sér um þessi málefni á SHH sagði að allt efni væri hægt að setja á stafrænt form en mismunandi hvort gæði væri hægt að varðveita eða bæta ef efni væri skemmt eða í litlum gæðum.

Ekki voru fleiri mál á dagskrá, fundi slitið kl. 14:10.

Fundargerð ritaði Rannveig Sverrisdóttir.

## Fundargerð stjórnar Rannsóknastofu í táknmálsfræðum 29. september 2021

Fundur var haldinn í stjórn Rannsóknastofu í táknmálsfræðum miðvikudaginn 29. september að öllum stjórnarmeðlimum viðstöddum. Tvennt var á dagskrá:

- **Upplýsingar í ársskýrslu:** Nedelina bar upp erindi er varðar ársskýrslu rannsóknastofunnar en oft hefur verið erfitt að aðgreina starfssemi SHH og rannsóknastofunnar. Málið var rætt ítarlega og þær spurningar sem Nedelina taldi að ættu að liggja til grundvallar sérstaklega. Ákveðið að skoða þetta með raunhæf dæmi í huga þegar næsta ársskýrsla væri rituð. „Gráu svæðin“ þarf að skoða sérstaklega.
- **Upplýsingar á heimasíðu:** Á síðasta ársfundi var ákveðið að fá nemandu til að gera skrá yfir lokaverkefni á sviði táknmálsfræði og setja á heimasíðu stofunnar. Rannveig lagði til að fá Elísu G. Brynjólfsdóttur, fyrrum nemandu í verkið, samþykkt einróma. Ákveðið að Rannveig hafi samband við EGB og ræði við hana um fyrirkomulag.